

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi hafnarsvæðis Sandgerðisbæjar – Vesturbakki.

Bæjarráð Sandgerðisbæjar samþykkti 12. ágúst 2014 breytingu á deiliskipulagi hafnarsvæðis – Vesturbakka skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin á deiliskipulagi Vesturbakka sameinar lóðir að Strandgötu 16 og Sjávarbraut 29-37 í eina 7.050 m² lóð og afmarkar nýjan 2.000 m² byggingarreit á lóðinni ásamt nýrri 36 m² lóð fyrir spennistöð. Einnig eru sameinaðar lóðir og byggingarreitir við Sjávarbraut 1-7 í eina 2.270 m² lóð og einn 528 m² byggingarreit og götunúmerum við Sjávarbraut er breytt.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Sandgerðisbæ, 17. nóvember 2014.

Jón Ben Einarsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 4. desember 2014